

stjórninni ráð í gufuskipsmálum, skýrt frá því er hjer segir: Póstgufuskipið Diana hafði 59 á hinni umræddu ferð sinni ekki komið inn á Húsavíksökum óveðurs af norðaustri. Þegar 17. apríl. það var búið að vera á Eyjafirði og veðrið batnaði, fór það hinn 19. september aptur austur að Húsavík, og hjelt, eptir að hafa fermt og affermt, um kvöldið hinn sama dag áfram ferðinni vestur eptir. Áður en skipið fór frá Húsavík, var þegar byrjað að hvesa og kominn talsverður vestanstormur, þannig að það var örðugleikum bundið, að koma farþegunum frá Húsavík út í skipið, en þegar skipið um nóttina milli hins 19. og 20. september um miðnætti var komið á móts við Eyjafjörð aptur, og þurfti að breyta stefnunni, ef það ætti að koma við á Skagaströnd, var orðið svo hvasst, að augljóst var, að jafnvel þó skipið kynni að komast klaklaust inn á Skagaströnd, myndi ylgjan á höfninni þar, sem er opin og alveg skýlislaus gegn vestanstormi, banna allar samgöngur við land. Loftþyngdarrannsóknir þær, er gjörðar voru og veðurútlitið gaf þar að auki enga von um, að veðrinu myndi fyrst um sinn slota. Þegar svo var ástatt og með því enn fremur að kolaforði skipsins, meðal annars sökum slyss, er kom fyrir við kolatökuna á Seyðisfirði, var fremur rýr, og skipið fullt af farþegum, er það myndi baka mikinn kostnað, ef skipið skyldi tefjast um fleiri daga, að líkindum til engra nota — rjeð foringi skipsins það af fyrir fullt og allt að koma ekki við á Skagaströnd, en þetta hafði sökum hins vaxandi stormviðris áður komið honum til hugar; og var ákvörðun þessi undir eins tilkynt báðum stýrimönnum skipsins, er fjellust alveg á hana. Það sem þannig er komið fram, styrkist að því er veðrið snertir, af eptirriti eptir því sem athugað hefir verið á Skagastrandarstöðvum hinnar veðurfræðislegu (meteorologisku) stofnunar hjer í bænum, og getur innanrikisstjórnin ekki álitid, að hin mismunandi lýsing á veðrinu, er finnst í eptirriti því eptir skipsbók, er fylgdi umkvörtunum, hafi neina þýðingu gagnvart þessu.

Samkvæmt skýringum þessum hefir nefnd stjórn ekki getað sjeð betur en að ákvörðun sú, sem premierlieutenant Wandel tók um að koma ekki við á Skagaströnd, hafi, þegar litið er á allar ástæður þær, er fyrir henni voru, verið fullkomlega rjett, og álitur innanrikisstjórnin sjer því ekki fært að veita nokkrar skaðabætur fyrir skaða þann, er einstakir menn kynnu að hafa orðið fyrir sökum þess, að breytt var út af ferðaaætluninni, eins og að ofan segir. Sömuleiðis verður að álita það vafalaust, að hlutadeigandi skipstjóra verði ekkert gefið að sök í þessu tilliti, og hefir því ekki þótt ástæða til að gjöra neitt frekara í málinu.

Ráðgjafinn leggst ekki undir höfuð hjer með þjónustusamlega að tjá yður þetta, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, og endursendast yður hjer með þeir 6 reikningar, er fylgdu ofanefndu brjefi yðar.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ferðastyrk handa 60 vitaverði. — Í tilefni af beiðni þeirri, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi frá 23. f. m., og þar sem vitavörðurinn á Reykjanesi, Arnbjörn Ólafsson, beiðist styrks af almannaþje til að takast á hendur ferð til Danmerkur og dvelja nokkurn tíma við vita hjer í landi og kynna sjer allt það er lýtur að vitastörfum, skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að ráðgjafinn, eptir að hafa útvegað beiðanda aðgang að slíkum vita, leyfir hjer með í von um aukafjárveitingu, að honum sje útborgaður 350 kr. ferðastyrkur í áminntum tilgangi. 17. apríl.